

Eystrahorn

7. tbl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 18. febrúar 2021

www.eystrahorn.is



Mynd: Gestur Leó Gíslason

Í tilefni 112 dagsins, fimmtudaginn sl. fóru viðbragðsaðilar Hafnar um bæinn og sýndu farartækin sem notuð eru við útköll. Dagurinn er haldinn árlega þann 11. febrúar (11.2) til að kynna neyðarnúmerið 112 og starfsemi þeirra sem tengjast því ásamt að efla vitund fólks um mikilvægi hennar. Hér má sjá krakkana á leikskólanum Sjónarhóli skoða farartækin.

Unglingadeild Björgunarfélags Hornafjarðar

Innan Björgunarfélags Hornafjarðar starfar Unglingadeildin Brandur og hefur gert það með misjafnlega löngum hléum í fjöldamörgum ár. Unglingadeildin var síðast endurvakin árið 2014 og hefur starfað óslitið síðan. Í starfi unglingsdeilda fá unglingsarnir kynningu og innsýn á starfi björgunarsveita og er góður grunnur að áframhaldandi starfi með björgunarsveitum, öðrum viðbragðsaðilum, eða fyrir framtíðina.

Meðal þess sem farið er yfir í starfi unglingsdeildarinnar er; Fyrsta hjálp, rötun, farið yfir búnað og klæðnað til útivistar, fjallamennsku, sig, snjóflóðabúnað, slöngubáta og gönguferðir. Einnig er farið í allskonar leiki til að brjóta upp starfið og þetta hópinn. Sökum Covid-19 faraldurs hefur félagsstarfið legið í smá dvala og náðum við ekki að byrja starfið fyrr en núna eftir áramót. Starfið fer vel af stað og mættu 25 unglingsar úr 9. og 10. bekk og fyrsta ári í framhaldsskóla á kynningarfundinn, en að jafnaði mæta milli 15-20 á fundi og er framtíðin því björt. Í ár eru 4-6 umsjónarmenn, sem allir eru virkir í starfi björgunarfélagsins, að halda utan um unglingsstarfið svo koma aðrir félagar í björgunarfélaginu og aðstoða þegar þess er þörf. Öll þessi vinna að sjá um unglingsstarfið er unnin í sjálfbodavinnu eins og allt starf björgunarfélagsins.

Annað hvert ár eru haldin landsmót unglingsdeilda Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, en þar koma unglingsdeildir af öllu landinu og eyða langri helgi saman. Unglingunum er blandað saman í hóp og vinna svo þeir hópar saman í verkefnum fyrstu tvo dagana til að kynna og svo eru björgunarleikar (keppni) milli hópna síðasta daginn. Á undanföllum landsmótum hafa



verið að koma á bilinu 180 - 220 unglingsar og þeim fylgja í kringum 70-80 umsjónarmenn. Næsta landsmót á að vera á þessu ári og verður það haldið hér á Hornafirði dagana 9.-13. júní. Það fylgir því mikil vinna að halda svona landsmót því það þarf tjaldsvæði og klósettaðstöðu fyrir hópinn, líka þarf að komast í sturtu/sund, einnig þarf hópurnum að borða heitan og góðan hádegis og kvöldmat til að hafa orku alla þessa daga. Eigum við því líklega eftir að leita til veitingastaða og fyrirtækja þegar nær dregur til að aðstoða



okkur við þetta stóra verkefni. Að sjálfsögðu fer þetta allt eftir stöðu Covid-19 hvort hægt verði að halda mótið, en að sjálfsögðu vonum við það besta.



HAFNARKIRKJA

Guðspjónusta sunnudaginn
21. febrúar kl. 11

Samkór Hornafjarðar syngur.
Organisti Jörg Sondermann
Verið hjartanlega velkomin

Prestarnir



HAFNARKIRKJA

Kyrrðarstund á föstu
fimmtudaginn 18. febrúar
kl. 18:15

Sjá nánar á www.bjarnanesprestakall.is
Virðum sóttvarnareglur
Allir velkomnir

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA MUNIÐ EFTIR:

GÖNGUFERÐ frá Ekru
mánudaga og miðvikudaga
kl. 10:00

ZUMBANÁMSKEIÐ mánudaga í Ekru kl.
17:00

LEIKFIMI í Ekru þriðjudaga kl. 16:00
Handavinna, Snóker og fl. miðvikudaga
kl. 13:00

SUNDLEIKFIMI í sundlauginni okkar
fimmtudaga kl. 14:30
Allar sóttvarnir gilda.
Höfum gaman saman.



Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Laugardaginn 20. febrúar leiðir Einar Jóhann göngu í **Hafradal í Nesjum**. Gert er ráð fyrir þriggja tíma göngu og þetta er dálftil hækkun, erfiðleikastigið er því 2 skór.



Lagt verður af stað kl. 10:00 frá tjaldsvæðinu á Höfn. Það er mikið í ám og lækjum þessa dagana og því er eingöngu fært á joppum að upphafsstað göngunnar inni í Laxárdal.

Við bendum á að enn er hægt að skrá sig til leiks í *Lífshlaupinu*, heilsu- og hvatningarverkefni Íþróttá og Ólympíusambands Íslands. Átakið er fyrir alla aldurshópa og þeir sem vilja mæta í gönguna á laugardaginn eru auðvitað hvattir til að skrá hreyfinguna inn á vef Lífshlaupsins.

Allir eru velkomnir í gönguferðir ferðafélagsins: þátttökugjald er 1.000 á hvern fullorðinn, 1500 fyrir hjón og frítt fyrir börn að 18 ára aldri.

Sé hundur með í för skal taumur vera til taks.

Viðskiptavinir athugið

Rakarastofan verður lokuð
vikuna 22. feb. til 26. feb.

Kveðja Baldvin



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang:tjorvi@eystrahorn.is

Prófaralestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot:Tjörvi Óskarsson

Prentun:Litlaprent

ISSN 1670-4126

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns?

Kynntu þér málið á:

[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)

Eystrahorn

BÆJARMÁLAFUNDUR

Sjálfstæðisfélagið auglýsir bæjarmálafund
laugardaginn 20. febrúar kl. 11:00.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir og kaffi á könnunni.

Stjórnin

D

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi

**Auglýst er eftir framboðum til
prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í
Suðurkjördæmi 29. maí nk.**

**Framboðsfrestur er til 8. apríl kl.
15:30. Tekið er við framboðum á
skrifstofu Sjálfstæðisflokksins að
Háaleitisbraut 1 í Reykjavík og
rafrænt á netfangið frambod@xd.is**

Framboð skal vera bundið við flokksfélaga,
enda liggja fyrir skrifleg yfirlýsing um framboð
viðkomandi. Framboði þurfa auk þess að fylgja
meðmæli 20-40 flokksfélaga úr kjördæminu.

Eyðublöð fyrir framboð, skipulags- og
prófkjörsreglur Sjálfstæðisflokksins auk nánari
upplýsinga um prófkjörið er hægt að nálgast á
skrifstofu flokksins og á heimasíðu www.xd.is

Kjörnefnd

D

Ríki Vatnajökuls: Í takt við tímann

Síðastliðið ár hefur verið krefjandi og lærdómsríkt ár fyrir ferðabjónustuna þar sem heimsfaraldurinn COVID-19 hefur haft mikil áhrif á atvinnugreinina um heim allan, og hafa ferðabjónustuaðilar í Ríki Vatnajökuls ekki verið undanþegnir þeim áhrifum. Þessar aðstæður og slæm fjármálastaða félagsins hefur krafist þess að Ríki Vatnajökuls hefur þurft að endurskoða fyrirkomulag félagsins, meðal annars með því að leggja niður bóknarþjónustu á heimasíðu félagsins. Síðastliðið sumar reyndi vel á sameiningaröfl ferðabjónustunnar og kostaði sveitarfélagið til markaðsherfarðar og sá um utanumhald á herferðinni. Ferðabjónustan hoppaði á vagninn og tók virkan þátt og sýndi þar í verki hverju við getum áorkað sem heild þegar á reynir. Herferðin skilaði góðum árangri og tók samfélagsmiðlana og vefsíðuna okkar www.visitvatnajokull.is á hærra plan. Það hefur því verið forgangsverkefni okkar í stjórn Ríkis Vatnajökuls að halda vef- og samfélagsmiðlum virkum og eigum við enn efni til góðs sem var framleitt fyrir sumar herferðina, sem við hlökkum til að grípa í þegar færi gefst. Lengi hefur verið ákall innan félagsins að færa áherslurnar yfir á markaðsmál og var ákveðið að leggja í þá vinnu að breyta um stefnu félagsins í takt við vilja og þarfir hluthafa félagsins. Nú í janúar sendum við út viðhorfs- og stefnumótunarkönnun til hluthafa okkar og nokkurra annarra aðila sem tengjast starfsemi. Við teljum það í takt við tímann að fara í þessa vinnu og móta skýra stefnu, sýn og markmið félagsins. Svarhlutfall í könnuninni var gott og mun ég stikla á stóru um niðurstöður könnunarinnar.

Hlutverk, gildi og framtíðarsýn Ríkis Vatnajökuls

Skýrt er að hlutverk Ríkis Vatnajökuls er að vera sameinandi afl fyrir ferðabjónustuaðila í Austur-Skaftafellssýslu sem beitt sér að markaðssetningu á svæðinu til þess að kynna og laða að ferðamenn inn á svæðið. Mikill samhljómur er



meðal þátttakenda í könnuninni um hlutverk félagsins, þvert á bakgrunn þátttakenda. Er því hlutverk félagsins sem hér segir:

“Öflugt markaðsfélag sem sameinar ferðabjónustuaðila innan svæðis ríkis Vatnajökuls”

Einnig vildum við heyra hvaða framtíðarsýn þátttakendur hafa fyrir félagið og er framtíðarsýn félagsins sem hér segir:

“Leiðandi markaðsfélag í íslenski ferðabjónustu”

Margvísleg gildi voru nefnd í könnuninni og mörg með sameiginlega samnefnara. Það voru þó þrjú gildishópar sem oftast voru nefndir og eru því ný gildi félagsins sem munu einkenna starf félagsins:

“Samvinna - Fagmennska - Framsýni”

Til umhugsunar

Nokkur svör úr könnuninni beindust að því að sameina ætti annars vegar, Ríki Vatnajökuls ehf. og Ferðamálafélagi Austur-Skaftafellssýslu (FASK) undir einu hatt og hins vegar að leggja ætti niður Ríki Vatnajökul og hafa aðila frá Hornafirði starfandi hjá Markaðsstofu Suðurlands (MSS). Hér verður aðeins komið inná nokkrar ástæður fyrir því að þetta eru ekki taldir vera kostir sem væru til bóta fyrir ferðabjónustuna á svæðinu okkar í ríki Vatnajökuls.

Ríki Vatnajökuls og Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu - Varðandi sameiningu Ríki Vatnajökuls og FASK, þá er sú trú að annars vegar markaðsmál og hins vegar hagsmunagæsla séu það veigamikil atriði í ferðabjónustunni okkar að ekki veiti af því að hafa sér félög sem sinna hvorum þætti,

sérstaklega þegar stjórnarmenn sinna störfum sínum að mestu í sjálfböðavinnu. Samtalið milli Ríki Vatnajökuls og FASK er hins vegar gríðarlega mikilvægt þar sem þarna eru málaflokkar líkt og gæðamál sem tengjast bæði markaðs- og hagsmunamálum ferðabjónustunnar beint. Mikið samtal er milli félagana, sem er sífellt að aukast, og koma félögin saman að verkefnum þegar við á. Inn í þetta samtal bætist við ferðamálafulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, svo allt bakland ferðabjónustunnar á svæðinu er í stöðugu samtali og boðleiðirnar stuttar. Með þessu formi teljum við að þessum mikilvægu þáttum sé sinnt best og komi best út fyrir ferðabjónustuna á svæðinu.

Ríki Vatnajökuls og Markaðsstofa Suðurlands - MSS er markaðsstofa landshlutans Suðurlands en landshlutinn skiptist svo í þrjú svæði: Gullnahringsvæðið-Katla Jarðvangur og Vestmannaeyjar – Ríki Vatnajökuls. Öll þrjú svæðin innan landshlutans fá sýnileika hjá MSS í sínu markaðsferli, það að koma starfsmanni frá okkar svæði inn í MSS yrði ekki til þess að svæðið okkar Ríki Vatnajökuls fengi meiri sýnileika innan MSS, þar sem þeim ber að veita öllum svæðunum jafnan sýnileika. Ef efni MSS er skoðað, þá er Ríki Vatnajökuls að fá sama sýnileika og hin svæðin. Þar kemur að mikilvægi Ríki Vatnajökuls í sínu markaðsstarfi. Markmið RV er að kynna svæðið okkar sem framúrskarandi svæði innan landshlutans og byggja upp sýnileika og vitund á okkar sérstöðu. Aftur kemur hins vegar að mikilvægi samtalsins og hefur Ríki Vatnajökuls verið í reglulegu samtali við MSS, en lengi má gott bæta og stefnum við hjá Ríki Vatnajökuls á að auka það samtal.

Markmið Ríkis Vatnajökuls fyrir árið 2021

- Ríki Vatnajökull setur sér það markmið að 90% hluthafa félagsins séu meðvitaðir um gildi, hlutverk og framtíðarsýn félagsins. Þannig má efla samstöðu innan félagsins og stuðla að því að allir félagar gangi í takt að framtíðarsýn félagsins. Markmiðið verður metið með rafrænni könnun fyrir lok ágúst 2021
- Ríki Vatnajökull setur sér það markmið að ná 2000 fylgjendum á Instagram reikningi sínum með markvissri markaðssetningu á samfélagsmiðlinum, auk spennandi gjafaleikja fyrir bæði innlenda og erlenda ferðamenn í samvinnu með hluthöfum félagsins. Markmiðið verður metið með því að skoða fylgjendatölur miðilsins fyrir árslok 2021
- Ríki Vatnajökuls setur sér það markmið að skapa aukið verðmæti fyrir heima fyrirtæki Ríkis Vatnajökuls og jafna markaðssetningu fyrir afþreyingu, gistingu og veitingastarfsemi innan félagsins. Lagt verður upp með að ná markmiðinu með vinnu að hagnýtu vörumerki fyrir fyrirtæki úr heimabyggð og stofnun fagteyma fyrir hverja faggrein. Markmiðið verður metið með rafrænni könnun fyrir lok ágúst 2021

Eins og sjá má í þessari lesningu þá setur félagið markið hátt. Við höfum fengið liðsstyrk frá Hornfirðingnum Þorkeli Óskari Vignissyni sem vinnur sem verktaki með okkur að völdum verkefnum. Hann er mikill fagmaður á sínu sviði og

framhald á næstu síðu...

gríðarlegur styrkur fyrir starf Ríkis Vatnajökuls.

Stjórn Ríkis Vatnajökuls mun einsetja sér að vinna markvisst að settum markmiðum og framtíðarsýn félagsins. Samtalið er mikilvægara sem aldrei fyrr milli stjórnar, hluthafa, hagsmunaaðila og samfélagsins. Við hvetjum alla til þess að fylgjast með starfi félagsins og vera virkir þátttakendur. Stjórn



félagsins mun vera dugleg að miðla verkefnum og upplýsingum liðandi stundar og því sem framundan er, og vinnur hörðum höndum af því að undirbúa markaðsstarfið til að vera klár í slaginn þegar allt fer að detta í gang í ferðaþjónustunni á ný. Við munum sniða okkur stakk eftir vexti og leysa þær áskoranir og verkefni sem okkur eru færð farsælega í sameiningu - því saman erum við sterkari.

*F.hönd stjórnar Ríki Vatnajökuls
Friða Bryndís, stjórnarformaður*



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Lausar lóðir á Höfn

Lóðinni að Álaleiru 15 hefur verið skilað inn og er því aftur laus til úthlutunar.

Einnig eru eftirfarandi íbúðarhúsalóðir lausar:

Hagaleira 1
Hagatún 16
Júllatún 8 og 10
Dalbraut 2a, 2b og 2c

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar, www.hornafjordur.is undir lausar lóðir.

**Umsókn um lóðir skal skila í gegnum Íbúagátt
Sveitarfélagsins Hornafjarðar.**



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag – Leirusvæði II

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 11. febrúar 2021 að auglýsa lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gerð deiliskipulags skv. 40. gr. skipulagslaga.

Breytingin er unnin til þess að sveitarfélagið geti boðið upp á fjölbreyttar íbúðalóðir í þéttbýlinu á Höfn. Um er að ræða nýja íbúðabyggð á Leirusvæði. Mikil uppbygging hefur átt sér stað á Höfn og nauðsynlegt er að skipuleggja nýtt íbúðarsvæði til að anna eftirspurn. Helstu markmið deiliskipulagsins eru: Að afmarka lóðir fyrir séreigna- eða leiguhúsnæði t.d. raðhús, parhús og einbýli. Að húsnæði verði í mismunandi stærðum sem hentar ólíkum fjölskyldum og í lágrestri byggð. Að tryggja umferðaröryggi, aðkomu, umferð og bílastæðafyrirkomulag og vistvænar samgöngur og að gönguleiðir barna að skóla- og íþróttasvæði séu öruggar og þægilegar. Að á svæðinu sé leiksvæði og að uppbyggingin eigi sér stað í tveimur áföngum.

Skipulagslýsinguna má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir skipulag í kynningu.

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir umsögnum vegna lýsingu á aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi skv. skipulagslögum. Frestur til að skila inn athugasemdum er **til 1. mars 2021** og skal skila skriflega á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Umhverfis- og skipulagsstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag – Hrollaugstaðir

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 11. febrúar 2021 að auglýsa lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gerð deiliskipulags skv. 40. gr. skipulagslaga.

Breytingin er unnin til þess að sveitarfélagið geti boðið upp á íbúðalóðir nærri atvinnutækifærum og möguleikum á þjónustu sveitarfélagsins við íbúa, eins og rekstur leikskóla. Sveitarfélagið þarf að geta boðið upp á íbúðalóðir nærri atvinnutækifærum og möguleikum á þjónustu sveitarfélagsins við íbúa, eins og rekstur leikskóla. Helstu markmið deiliskipulagsins eru: Að móta hverfi sem hentar ólíkum fjölskyldugerðum og skapa notalegt umhverfi þar sem kostir þess að búa í sveit fái að njóta sín. Áhersla er á notalega og mannvæna byggð sem fellur vel að núverandi byggð og skapa umgjörð og aðkomu að félagsheimilinu Hrollaugstöðum og tryggja umferðaröryggi.

Skipulagslýsinguna má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is undir skipulag í kynningu.

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir umsögnum vegna lýsingu á aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi skv. skipulagslögum. Frestur til að skila inn athugasemdum er **til 1. mars 2021** og skal skila skriflega á bæjarskrifstofur Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Umhverfis- og skipulagsstjóri*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Takk fyrir stuðninginn



Jón Áki ásamt Pálma í Nettó

Félagar í Kiwanisklúbbnum Ós þakka fyrir þann stuðning og hlýhug sem Hornfirðingar sýndu með stuðningi sínum í jólatréssölu klúbbsins fyrir jólin. Þessi stuðningur hefur þegar verið sendur áfram til þeirra sem á þurftu að halda yfir hátíðirnar og vonum við að þetta framtak okkar með ykkar hjálp hafi gefið þeim sem á þurftu að halda, ástæðu til að brosa og njóta hátíðanna.

Við hvetjum foreldra með langveik börn til að kynna sér okkar starf og ræða við okkur um hvernig við gætum hjálpað. Kiwanisklúbburinn Ós sem og öll Kiwanishreyfingin hefur þarfir barna að leiðarljósi og við erum þakklátir fyrir allan þann stuðning sem við fáum í baráttunni. Um hátíðarnar styrktum við með 850 þúsundum í Samfélagssjóð Hornafjarðar og lagði Nettó einnig til styrksins í sjóðinn. Einnig styrktum við fjölskyldu um 300.000 kr. en afrakstur jólatréssölu okkar núna í desember fór í þessa styrki.

Sérstakar þakkir fá dyggir bakhjarlar sem standa þétt við okkar starf og þar má sérstaklega nefna; Húsasmíðjuna, Flytjanda, Nettó, Sælgætisgerðina Freyju, H. Christensen, Mikael, Ajtél, Martölvuna, Rimmu, útgáfu Eystrahorns, Vélsmiðjuna Foss svo einhverjir séu nefndir. Það má sjá af þessari upptalningu að margir láta sig góðgerðarmál varða og styrkja starf okkar.

Til fróðleiks má geta að alþjóðahreyfing Kiwanis tekur virkan þátt í að hjálpa börnum heimsins, t.d. Kiwanis Children Fund sem vinnur að því að útrýma stífkampa á heimsvísu í samstarfi með UNICEF, Pieta, BUGL og Samfélagssjóðurinn hér á Höfn ásamt fjölda annarra verkefna njóta stuðnings frá Ós.

Kiwanisklúbburinn Ós hvetur áhugasama að vera í sambandi við féлага um inngöngu í klúbbinn. Ekki má gleyma að stefnt er að stofnun kvennaklúbbs á Hornafirði og eru upplýsingar í Facebook hópnum Konur í Kiwanis Hornafirði.

Bestu þakkir fyrir hönd Kiwanisklúbbsins Óss.

Jón Áki Bjarnason forseti og félagar.

STUÐNINGSFULLTRÚÍ

Viðmið um að umsækjandi sé orðin 20 ára. Stuðningsfulltrúi óskast í starf í 1-2 daga í viku. Starfið felst í að vera nemandi til aðstoðar í skólanum frá kl. 10:00 - 15:00 þessa daga. Stuðningsfulltrúi verður í nánu samstarfi við umsjónarkennara og náms- og starfsráðgjafa skólans.

Skólameistari

Framhaldsskólinn í
Austur-Skaftafellssýslu



Fjölskyldumiðstöð

Nú standa yfir framkvæmdir við endurbætur við húsnæðið við Víkurbraut 24 sem áður hósti leikskólann Krakkakot. Húsnæðið mun hýsa Fjölskyldumiðstöð, félagsmálasviðið flytur þangað í heild sinni ásamt heimaþjónustudeild og málefni fatlaðs fólks. Aðstaða fyrir þennan málaflokk hefur verið á hrakhólum undanfarin ár. Á sviðinu starfa í heild um 25 manns þegar allt er tiltekið og þjónustubegar eru um 50-70 að jafnaði. Síðasta ár hefur starfsemin verið dreifð, íbúð á Silfurbraut hefur hýst starfsemi heimaþjónustudeildar og málefni fatlaðs fólks, Selið á Víkurbraut 24 (litla húsið) er notað undir daglega iðju þjónustubega, matarþjónustan hefur verið í Ekru ásamt því að starfsfólk félagsþjónustunnar er bæði í ráðhúsinu og í Nýheimum. Viðtöl við talmeinafræðinga, sálfræðinga, sérfræðinga úr Barnahúsi og aðra sérfræðinga hafa ýmist farið fram í Safnaðarheimili Hafnarkirkju, á heilsugæslunni eða í skólunum. Aðstaða fyrir sérfræðinga sem koma hingað í styttri tíma verður í nýrri fjölskyldumiðstöð ásamt því að þar verður viðtalsherbergi og fundarherbergi. Uppbygging þjónustunnar er í samræmi við áherslur félagsmálaráðherra, Asmundar Einars Daðasonar sem vinnur að innleiðingu á stórra kerfisbreytingu þar sem barnið verður hjartað í kerfinu og tryggt verður að samfélagið muni grípa fyrr inn í þegar aðstoðar er þörf. Einnig hefur sveitarfélagið skrifað undir saming um barnvænt samfélag sem styður við þessar áherslur. Stefnt er að flutningi inn í Víkurbraut 24 í lok apríl eða byrjun maí og verður þá íbúum boðið að skoða húsnæðið og þær breytingar sem hefur verið ráðist í. Einnig er stefnt að því að efna til nafnasamkeppni þegar nær dregur opnun.

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi, Lambleksstaðir

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Lambleksstaða samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Markmið með breytingu á deiliskipulagi fyrir Lambleksstaði er að efla byggð og styrkja atvinnulíf. Ferðaþjónusta hefur lengi verið á Lambleksstöðum og með gerð þessarar breytingar er rekstrargrundvöllur styrktur, skipulagssvæðið stækkað og skipt í byggingarreiti A-D hver með sína húsabýrpingu. Breytingin á deiliskipulaginu tekur til frekari uppbyggingar á gistiaðstöðu og nýbygginga fyrir ferðaþjónustu. Tillagan var áður auglýst sumarið 2019.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 og á heimasíðu sveitarfélagsins, www.hornafjordur.is undir skipulag í kynningu, frá og með fimmtudeginum 18. febrúar 2021 til og með föstudeginum 2. apríl 2021.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagið til **2. apríl 2021**. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Umhverfis- og skipulagsstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning**, **velferð** og **samstarf**
svo lífsgæði eflist og mannlíf á
Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með
aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni**
og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á www.sass.is

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 2. MARS, KL. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland.
Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á
vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.

@ STYRKIR@SASS.IS ☎ S. 480-8200 🏠 WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Það stýttist í vorskipið með áburð og kalk.
Ert þú búinn að panta?

Sölumaður (A-Skaftafellssýsla og Djúpavogshreppur)
Bjarni Hákonarson | S: 478-1920 / 894-0666
bjarniha@yara.is

Sláturfélag Suðurlands svf. | www.yara.is | yara@yara.is

